

kostnaðar í máli þessu út af eftirstöðvum skuldarinnar, eigi jafnframt rétt á innheimtulaunum af þeim, en í hinni umstefndu kröfu eru innifalin slík innheimtulaun kr. 93,25. Þykir því rétt að láta þá upphæð koma til frádráttar frá dómkröfunni og lækkar hún þá niður í kr. 932,50. Ber stefndum að greiða þá upphæð með vöxtum eins og krafizt hefir verið, svo og málskostnað, er ákveðst í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 130,50.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 10. okt. 1932.

Nr. 99/1931. **Réttvísir** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Hermanni Þorsteinssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Sjóðþurður.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 7. apríl 1931: Ákærði, Hermann Þorsteinsson, skal sæta betrunarhússvinnu í 5 ár. Svo greiði hann og allan kostnað af málinu.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þeta hefir verið rekið skriflega samkv. 2. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða aukaréttardómi veitti ákærði forstöðu útsölu eða útibúi steinoliucinkasölu ríkisins á Seyðisfirði frá því útsalan hófst í febrúarmánuði 1923 þar til einkasalan var lögð niður við árslok 1927.

Til starfs þessa var hann ráðinn af forstjóra Landsverzlunarinnar, Magnúsi sál. Kristjánsyni,

en við hann var þó eigi gerður skriflegur ráðningarsamningur og hvorki fékk hann erindisbréf um starfrækslu útibúsins eða setti tryggingu fyrir innheimtu þeirri, er starfinu fylgdi. Óliuna mátti hann lána út til viðskiptamanna útibúsins, en af bréfum forstjóra Landsverzlunar til ákærða sést, að hann hefir iðuglega verið áminntur um gætni við útlánin og sýna bréf þessi ennfremur, að ætlazt hefir verið til að ákærði innborgaði tafarlaust það fé, er innheimtist fyrir oliuna. Það sést eigi, að lagt hafi verið fyrir ákærða sérstaklega að halda fé útsölnunnar aðskildu frá sínu eigin fé, en að sjálfsgöðu verður að gera ráð fyrir, að svo hafi verið. Laun ákærða voru ákveðin 1 króna af hverri oliutunnu, er hann seldi.

Samhliða starfi þessu rak hann útgerð og fiskverzlun.

Ákærði hélt eftirnefndar bækur um útsöluna: Vigtarbók, frumbók, sjóðdagbók, höfuðbækur og birgðabók. Hefir rannsóknardómarinn notað bækur þessar við rannsókn málsins nema vigtarbækur og frumbækur ársins 1927, sem sagðar eru glataðar. Hinsvegar hafa eigi verið lagðir fram í málinu reikningar frá Landsverzlun yfir viðskiptin við útibúið og byggist því rannsóknin á sjóðþurði ákærða á bókfærslu hans. Hefir þetta gert rannsóknina erfiðari og veldur því, að ekki verður komizt að nákvæmri niðurstöðu um upphæð sjóðþurðarins, en það skiptir eigi verulegu máli, þar sem Landsverzlunin hefir enga skaðabótakröfu gert á hendur ákærða í máli þessu.

Rannsóknardómarinn hefir rannsakað allt bókhald ákærða mjög ítarlega og borið saman frumbækur, sjóðdagbók og höfuðbækur útsölnunnar. Við

rannsókn þessa hefir komið í ljós, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, að ákærði hefir gerzt sekur um stórkostlegan sjóðþurð, er nemur að minnsta kosti kr. 143,027,58. Til þess að leynd sjóðþurðinum hefir ákærði um áramótin 1923, 1925, 1926, og 1927 í sjóðdagbókinni talið „offært í sjóði og banka“, samtals kr. 139,269,59. Meginið af þessari upphæð, sem samkvæmt sjóðdagbókinni hefir innborgast í peningum, hefir ákærði fært yfir í viðskiptareikning sinn, og til þess frekara að dylja sjóðþurðinn hefir hann á árinu 1927 í skilagreini sinni til Landsverzlunar hækkað útistandandi skuldir útibúsins um kr. 63,530,54 með því að færa kröfur, er hann átti sjálfur og voru oliusölunni óviðkomandi, yfir í bækur útibúsins.

Þá er það einnig sannað í málinu, að ákærði hefir vanrækt að færa vexti, er hann hefir lagt á skuldir nokkurra skuldunauta útibúsins, að upphæð samtals kr. 4460,40, inn í ársreikning útibúsins og andvirði seldrar oliu árið 1924 er vantalið um kr. 1570,91. Með þessu hefir ákærði sýnt hirðuleysi í starfi sínu, en ekki verður álitid sannað að vanfærslur þessar hafi verið gerðar í sviksamlegum tilgangi. Sama er að segja um skilagreini ákærða fyrir tunnubirgðum.

Um heimild ákærða til að krefja umgetna vexti er ekkert upplýst og verður því eigi talið sannað, að ákærði hafi með þessu gerzt brotlegur gegn 138. gr. hegningarlaganna.

Svo sem nánar er sagt í hinum áfrýjaða auka-réttardómi hefir ákærði verið kominn í sjóðþurð þegar við árslok 1923, og sjóðþurður hans hefir aukizt síðan ár frá ári. Hefir ákærði þegar við árslok 1925 séð, að komið var í óvænt efni, en til þess

að tryggja Landsverzlunina tapi samdi ákærði í janúar 1926 lista yfir ýmsar kröfur, er hann átti útistandandi, samtals kr. 59,337,89, og fram-seldi Landsverzlun skuldir þessar til lúkningar skuld sinni við hana, og þykir ekki ósennilegt, að hann með þessu hafi viljað tryggja þær kr. 59,147,00, er hann hinn 31. dezbr. 1925 færði úr sjóði og sér til skuldar í viðskiptareikningi. Hina 13. maí s. á. veðsetti ákærði enn fremur Lands-verzlun húseignir sínar á Seyðisfirði til tryggingar 50000,00 kr. skuld, er hann kvaðst vera í við Lands-verzlun og sama dag veðsetti hann Landsverzlun einnig allar vörubirgðir sínar og útistandandi skuldir til tryggingar skuld sinni við Landsverzlun.

Af þessum ráðstöfunum ákærða og skilareikningum hans hlaut forstöðumönnum Landsverzlunarinnar að vera það kunnugt, að sjóðþurður ákærða var í árslok 1925 orðinn yfir 100,000 krónur, en ekki sézt, að neitt hafi verið gert til að bjarga skuld Landsverzlunar og hvorki kröfuframsal þetta eða veðsetning eigna hans hafa haft nein áhrif í þá átt að draga úr sjóðþurði ákærða og hann var látinn halda áfram forstöðu útibúsins.

Brot ákærða ber að heimfæra undir 136. gr. 1. og 2. mgr. og 144. gr., báðar sbr. 145. gr., sbr. einnig 34. gr., 1. mgr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, en með tilliti til þess, að ákærða var eigi fengið erindisbréf og honum var eigi á annan hátt bent á ábyrgð þá, er starfi hans var samfara og eftirlit með honum eigi svo sem vera skyldi, ákveðst refsing hans 12 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði hann allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið málflutningskaup sækjanda 500 kr. og verjanda 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hermann Þorsteinsson, sæti 12 mánaða betrunarhússvinnu. Svo greiði hann allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið máflutningskaup sækjanda í hæstarétti, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálaflutningsmanns, 500 kr., og máflutningskaup verjanda, hæstaréttarmálaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 300 kr.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Hermann Þorsteinssyni, kaupmanni á Seyðisfirði, vegna vanskila hans sem útsölumanns á steinolíu fyrir Landsverzlun, og var lögfræðingi Jóni Þór Sigtryggssyni á Seyðisfirði með umboðsskrá konungs 19. ágúst 1929 falið að rannsaka og dæma málið.

Með lögum nr. 77, 14. nóvember 1917 var landsstjórninni veitt heimild til að taka í sínar hendur einkasölu á steinolíu í landinu, og skyldi hún skipa vel hæfan mann til að veita steinolíuverzluninni forstöðu og hafa á hendi alla reikningsfærslu hennar, og tvo verzlunarfróða menn til að rannsaka alla reikninga og bækur verzlunarinnar. Endurskoðun átti að fara fram árlega, sem mest jafnhliða bókfærslunni, og eigi sjaldnar en eftir hverja þrjá mánuði. Oliuna var heimilt að selja kaupmönnum, kaupfélögum, sveitarfélögum og öðrum samkv. reglugerð, er landsstjórnin setti. Samkv. þessari heimild ákvað ríkisstjórnin með auglýsingu, nr. 99, 11. ágúst 1922, að taka í sínar hendur einkasölu á steinolíu frá 10. febr. 1923. Fyrirmæli um steinolíuverzlunina eru sett í reglugerð nr. 101, 28. dez. 1922. Var með henni forstjóra Landsverzlunar falið að annast steinolíuverzlunina og ákveða, hverj-

um öðrum en þeim, sem lögin tilgreina, oðan skyldi seld. Útsölastaðir skyldu vera á þeim stöðum, sem þurfa þætti, og þar jafnan nokkrar oliubirgðir fyrirbyggjandi.

Einkasala ríkisstjórnarinnar á oliu hélzt til ársloka 1927, og veitti ákærði forstöðu útsölu steinolíuverzlunarinnar (Útibúi Landsverzlunar) á Seyðisfirði öll árin. Var hann ráðinn til starfans af forstjóra Landsverzlunar, en við hann var ekki gerður skriflegur ráðningarsamningur og hvorki fékk hann erindisbréf um starfrækslu útbúsins, né setti tryggingu fyrir innheimtu þeirri, sem starfinu fylgdi. Laun hans voru ákveðin 1 króna af hverri oljutunnu, sem hann seldi, og virðast þau hafa verið að meðaltali kr. 3931 á ári. Samhliða starfinu rak hann útgerð og verzlun meðal annars fiskverzlun. Afgreiðsla fór fram á skrifstofu firmans Hermann Thorsteinsson & Co. Bókhaldari hjá honum var hinn sami öll árin, og er hann látinn. Má af rithöndum beggja í frumbókum útbúsins sjá að ákærði hefir annast bókfærsluna aðeins í viðlögum. Þeningum útbúsins var ekki haldið aðgreindum frá fé ákærða, hvorki á skrifstofunni né í bönkum. Þó hefir útbúið haft hlaupareikning í útbúi Landsverzlunar á Eskifirði, en hætt hefir verið að nota hann í febrúar 1924. Ákærði hélt þessar bækur: Vigtarbók, frumbók, sjóðdagbók, höfuðbók og birgðabók. Hefir dómariinn notað þessar bækur við rannsóknina, nema vigtarbækur og frumbækur ársins 1927, sem sagðar eru glataðar. Oliuna hefir útbúið selt útgerðarmönnum, kaupmönnum, kaupfélögum og nokkrum öðrum á svæðinu frá Hornafirði til Eyjafjarðar, og hefir hún venjulega verið lánuð. Að sögn ákærða fór fram árleg endurskoðun hjá honum, og framkvæmdi forstjóri Landsverzlunar hana sjálfur. Var forstjóriinn látinn, er rannsókn málsins hófst.

Samkv. viðskiptareikningi sínum við útbúið hefir ákærði skuldað Landsverzlun, er hann tók við starfinu, kr. 4268.30 og firmað Hermann Thorsteinsson & Co., sem hann rak með ótakmarkaðri ábyrgð, kr. 17680.97. Hefir rannsóknin ekki náð til þess, hvornig skuldir þessar eru tilorðnar. En 1. marz 1923 hefir firmað greitt af skuld sinni kr. 12000.00, og er greiðslan færð úr bankareikningi sjóðdagbókarinnar til Landsverzlunar. Hlaupareikningur

ákærða við útbú Landsbankans á Eskifirði sýnir, að upphæðin er simgreidd þaðan og til þess notað fé, sem viðskiptamenn útbúsins höfðu greitt í reikninginn, sbr. sjóðdagbókina. Hinn 31. marz er upphæðin færð í banka-reikning sjóðdagbókarinnar og til tekna á reikningi viðskiptamanna, og er þetta nefnd leiðrétting á sjóðdagbókinni 1. marz.

Skuld ákærða við útbúið samkv. viðskiptareikningi hans nam:

í árslok 1923	kr.	24283.29
- — 1924	—	41367.94
- — 1925	—	109736.05
- — 1926	—	122819.06
- — 1927	—	131061.24

og eru í hinni fyrstföldu upphæð meðtaldar kr. 4268.30, sem ákærði skuldaði Landsverzlun, er útbúið var stofnað. En vegna tölubreytinga, sem verður að gera á reikningnum í samræmi við reikninga viðskiptamanna og ársreikning útbúsins er skuldin rétt talin í árslok 1927 kr. 130880.12. Alls hefir ákærði fært sér til skuldar á reikningnum kr. 183018.93 og talið sig hafa innborgað kr. 52138.81. Og um uppruna skuldarinnar skýrir hann svo frá, að hann hafi tekið að sér að greiða til útbúsins fyrir viðskiptamenn þess upphæðir, sem hann skuldaði þeim, en gat ekki staðið skil á þeim til útbúsins, er til kom, og að hann hafi stundum skrifað í sinn reikning andvirði olíu fyrir menn, sem hann sá ekki fært að lána það. Samanburður á reikningi ákærða og reikningum þeirra, sem greindir eru við upphæðirnar í reikningi hans, sýnir að hið síðara hefir ekki átt sér stað. Hinsvegar er ljóst, að sumar upphæðirnar hefir hann skuldað þeim, og stundum er þess getið við greiðslurnar í reikningum viðskiptamanna, að upphæðin sé peningar eða sé innborguð af honum. Hann keypti fisk af viðskiptamönnum útbúsins, og er þá sennilegt, að þeir hafi ráðstafað kröfum sínum á hann upp í skuld við útbúið, sem þeir keyptu olíuna af og hann veitti forstöðu. Þetta styrkja og vitnaleiðslur í málinu. Við flestar upphæðirnar í reikningi ákærða eru nöfn tilgreind, en fært er:

31. dez. 1923	„Greitt fyrir ýmsa skuldunauta	kr. 11068.27
1925	„Ýmsir skuldunautar samkv. lista	— 59147.00
1. jan. 1927	„Skuldir ýmsra uppgefnar á sérstökum lista á ábyrgð reikn- ingshaldara“	— 27400.55
		<hr/> kr. 97615.82

Og samkv. sjóðdagbók eru neðangreindar upphæðir taldar „offærðar“ í sjóð- og bankareikningi og færðar þar í reikning viðskiptamanna:

31. dez. 1923	kr. 13819.22
— — 1925	— 59147.00
— — 1926	— 17139.77
— — 1926	— 27400.55
— — 1927	— 21763.05
		<hr/> kr. 139269.59

Koma þessar upphæðir ekki fyrir í reikningum viðskiptamanna, en tvær þeirra koma fram óbreyttar í reikningi ákærða, og verður því að álíta, að ofangreindar upphæðir í reikningi hans stafi af vöntun í sjóði, enda hefir hann við prófun sagt, að þær stöfuðu af því, að hann hélt ekki fé útbúsins aðgreindu, og vísað til sjóðdagbókarinnar um þær. En við upphæðir þessar verður að bæta kr. 13604,02, sem taldar eru honum til skuldar í reikningnum fyrir nafngreinda menn, en samkv. sjóðdagbókinni eru innbörðaðar af honum. Hefir hann þá fært sér til skuldar á reikningi kr. 111219.84 af fé því, sem í sjóði átti að vera samkv. sjóðdagbókinni. Skuld hans fyrir viðskiptamena útbúsins verður samkv. þessu kr. 71799.09 og af henni telur hann sig hafa greitt kr. 52138.81 eins og áður er sagt. Þessu er þó ekki þannig varið. Að vísu hefir ákærði fært sér til tekna á reikningi sínum við útbúið upphæðir, sem þessu nema, en meðal þeirra eru þessar útistandandi skuldir hans:

Kaupfélag Eskifjarðar	kr. 1519.87
Hermann Thorsteinsson & Co.	— 14597.18
	<hr/> kr. 16117.05

Einnig eru honum færðar til tekna þessar peningagreiðslur:

31. dez.	1924	kr.	1536.53
15. sept.	1926	—	7000.00
3. nóv.	1926	—	6000.00
31. dez.	1926	—	4000.00
31. dez.	1927	—	1589.23

kr. 20125.76

Verður ekki séð að honum hafi verið heimilt að færa sér fyrri upphæðina til tekna, og hina síðari er ekki hægt að taka til greina, þar sem hún er greidd í sjóð- og banka-reikning, en hann hélt ekki fé útbúsins aðgreindu frá sinu eigin. Hefir ákærði því greitt af skuld sinni fyrir viðskiptamenn kr. 15896.00. Og verður hún þá að eftirstöðvum kr. 55903.09.

Samkv. framansögðu hefir ákærði fært úr sjóði í reikning viðskiptamanna í sjóðdagbókinni kr. 139269.59. Sé ekki tekið tillit til þessa virðist hafa átt að vera í sjóði hjá ákærða í árslok 1927 skv. sjóðdagbókinni kr. 141505.47. En við þá upphæð bætast kr. 21647,87, sem höfuðbækur útbúsins sýna, að innborgaðar hafa verið auk þess, sem sjóðdagbókin telur. Hinsvegar koma til frádráttar sjóði kr. 20125.76, sem ákærði hefir samkv. framansögðu talið greitt af sér í peningum upp í skuld. Verða eftir því í sjóði hjá ákærða 31. dez. 1927 kr. 143027.58.

Eftir bókum útbúsins hefir verið venja að reikna ekki vexti af skuldum viðskiptamanna. Þó koma tvisvar fyrir vextir í reikningum þeirra árin 1923—1926 og árið 1927 eru vextir lagðir á skuldir 38 viðskiptamanna. Nema vextirnir kr. 4460.48, og eru þeir ekki færðir til tekna í ársreikningum útbúsins. Ekki eru þeir heldur færðir í sjóðdagbókina, nema í eitt skipti, 11. júlí 1927, og þá aðeins til skuldar á reikningi viðskiptamanna. Ákærði hefir ekki getað gefið fullnægjandi skýringu á vaxtaálagningu þessari, og verður hún að teljast hafa verið honum óheimil, þar sem hún kom niður á aðeins $\frac{1}{4}$ af skuldunautum útbúsins árið 1927 og vextirnir voru ekki færðir Landsverzlun til tekna.

Árið 1927 hefir ákærði hækkað útistandandi skuldir útbúsins um kr. 63530.54 með því að færa nokkrum við-

skiptamönnum þess til skuldar upphæðir, sem hann og firmað Hermann Thorsteinsson & Co. áttu hjá þeim, og færa inn í höfuðbókina nokkra skuldnauta sína. Hefir hann kannazt við að hafa átt skuldir þessar, enda er nafns hans eða firmans getið við allar færslurnar, nema 7. Eru flestar upphæðirnar færðar inn í höfuðbókina 31. dez. 1927, en í byrjun þess árs eru skuldir fjöggra viðskiptamanna hækkaðar um samtals kr. 16487.99 og notaðar til hækkunar útistandandi skuldum útbúsins í árslok 1926. Eru þesar 4 upphæðir, sem eru 3—6 í röðinni á rjskj. nr. 13, nefndar í höfuðbókinni vanfærðar skuldir frá árinu 1926. En í sjóðdagbókinni 31. dez. 1926 eru kr. 17139.77 færðar úr bankareikningi í reikning viðskiptamanna og upphæðin talin vera „Vanfærðar skuldir sbr. höfuðbók frá f. á. v/Herm. Þorsteinssonar“ Lögmati þessara ráðstafana sinna hefir ákærði viljað byggja á veðbréfi 13. maí 1926, þar sem hann veðsetti Landsverzlun útistandandi skuldir sínar og vörubirgðir, eins og þær voru á hverjum tíma, fyrir kr. 50000.00 skuld. Hefir veðbréfið ásamt skrá yfir útistandandi skuldir ákærða í árslok 1925, verið lagt fram í málinu, virðist það minnsta kosti að nokkru leyti, hafa verið ógilt að lögum og ekki hefir því verið þinglýst. En framsal, sem ákærði hefir ritað á skuldaskrána, var næg eignarheimild handa Landsverzlun að skuldunum. En framsalið virðist ekki hafa verið notað. Ákærði hefir skýrt frá því, að hann hafi ekkert greitt af skuld sinni síðan hann lét af starfinu og hann hafi ætlazt til, að Landsverzlun „yfirtæki“ skuldirnar, en það hafi ekki verið gert. Ekki taldi ákærði heldur Landsverzlun hafa aðra tryggingu fyrir skuldinni en fasteignirnar, er hann var spurður um tryggingu við rannsókn málsins, og Landsverzlun virðist hafa litið eins á, sbr. rskj. nr. 25. Samkv. þessu hefir veðbréf þetta og skuldaframsalið verið tilboð frá ákærða til Landsverzlunar, sem hefir ekki verið þegið. En hvernig sem á það er litið, þá heimilaði ekki veðbréfið eða framsalið ákærða að velja skuldirnar úr eftir eigin geðþótta og færa þær inn í bækur útbúsins. Hann hefir ekki treyst sér til að fullyrða, að forstjóranum hafi verið send skrá yfir skuldirnar til samþykktar. Verður samkv. þessu að álykta, að honum hafi verið óheimilt að færa útistandandi skuldir sínar inn í bækur útbúsins. Eru

þær taldar á skrá yfir útistandandi skuldir útbúsins í árslok 1927, en ekki færðar Landverzlun til tekna á ársreikningi.

Í ársreikningi útbúsins 1924 er andvirði seldrar oliu í aprilmánuði það ár talið nema kr. 49563,90, og kemur þetta heim við fylgiskjal með reikningnum, rjskj. nr. 44. En samkv. frumbók, dagbók og höfuðbók, sem öllum ber saman, hefir oliusalan numið þennan mánuð kr. 51134.81. Þetta stafar af því, að nokkuð af oliunni hefir verið selt herra verði viðskiptamönnum en nefnt fylgiskjal sýnir. Munurinn er 6 aurar á 24138½ og 5 aurar á 2412 kg. oliu og 2 kr. á tunniverði. Ákærði hefir ekki getað gefið neina skýringu á þessu, en fylgiskjalið er samið eftir frumbókunum, og verðbreytingin því gerð af ásettu ráði. Er andvirði oliu samkv. þessu vantalið til tekna á ársreikningi 1924 um kr. 1570.91.

Vextir á hlaupareikningi útbúsins við útbú Landsbankans á Eskfirði, er nema kr. 16.56, eru ekki færðir til tekna á ársreikningi útbúsins.

Landsverzlun telur, að í birgðum hjá ákærða hafi verið 646 tómar trétunnur í árslok 1927. Af birgðum þessum hefir Landsverzlun fengið 125 tunnur sendar árið 1928, og telur hún hann því eiga að standa skil á 521 10/00 = kr. 5210.00. Birgðabækur segja ekki til um, hve margar tómar trétunnur hafi verið í birgðum 31. dez. 1927, því dálkur sá í þeim, sem ætlaður er umbúðum, hefir aldrei verið útfylltur. Eftir skýrslu, sem ákærði hefir samið og afhent dómaraunum, hafa verið í birgðum hjá honum 1. júlí 1927 494 tómar trétunnur. Skýrslan nær ekki lengra en ársreikningur útbúsins 1927 sýnir, að á tímabilinu frá 31. júlí til 31. dez. 1927 hafa viðskiptamenn útbúsins skilað 137, og á sama tímabili hafa samkv. birgðabókinni 11 trétunnur tæmt vegna leka. Sé þessum tölum bætt við skýrslu ákærða, virðast birgðir af tómum trétunnum hafa verið í árslokinn 642. Ákærði hefir ekki beint vefengt, að bókhaldari sinn hafi talið á skýrslu til Landsverzlunar birgðirnar eins og hún telur þær, en hann heldur því fram, að þar sem aldrei hafi verið gert neitt fyrir rýrnun, þá séu birgðirnar taldar of miklar, og hann beri ekki ábyrgð á þeim eftir að hann lét af starfinu. Þar sem ekki er krafizt skaðabóta í málinu fyrir birgðavöntun þessa,

skiptir nákvæm tala tunnanna ekki máli, og þar sem hann gerði ekkert fyrir rýrnun á síðustu skýrslu sinni og lét ekki heldur sérstaka talningu fara fram á birgðunum, verður nú ekkert um það sagt, hve miklar birgðir hafi í raun og veru verið til hjá honum í árslok 1927, og verður því að leggja skýrslu hans til Landsverzlunar til grundvallar refsidómi og hafa hliðsjón af rýrnun á birgðunum, sem sennilega má telja talsverða.

Frumbækur og vigtarbækur útbúsins árið 1927 hafa ekki verið afhentar dómáranum, og hefir ákærði skýrt svo frá, að þær hafi glatazt í vörzlum bókhaldarans. Hefir dómárin sámið skýrslu um selda oliu við útbúið árið 1927 samkv. höfuðbókinni, og sýnir hún, að öll olía, sem viðskiptamönnum er færð til skuldar það ár, er færð til tekna á ársreikningi útbúsins.

Sé kr. 69578.49, sem samkv. framanrituðu eru ekki færðar til tekna í ársreikningum útbúsins, bætt við eftirstöðvar samkv. ársreikningnum 1927, verða þær kr. 390444.77, sbr. rskj. nr. 15. Og sé skuld ákærða talin kr. 55903.09 á skrá yfir útstandandi skuldir útbúsins í árslok 1927, sbr. rskj. nr. 20, verða þær kr. 245638.87. Hafa þá átt að vera í sjóði eftir ársreikningi útbúsins 1927 kr. 144805,90. Að meðtalinni birgðavöntun og skuld ákærða fyrir viðskiptamenn, verður skuld hans við útbúið í árslok 1927 kr. 205918.99.

Skuld ákærða fyrir viðskiptamenn útbúsins er samkv. framansögðu þannig til orðin, að til hans hafa runnið verðmæti frá þeim, og átti andvirðið að ganga til greiðslu á skuld þeirra við útbúið. Hefir hann svo fært til tekna greiðslur frá sér í reikningum þeirra við útbúið, en skil hans á greiðslunum til útbúsins eru fólgin í því, að hann jafnframt eða í lok hvers árs færði þær sér til skuldar á reikningi sínum við það, og viðurkenndi með því ábyrgð sína á þeim. Framan af virðist ákærði hafa litið á greiðslur þessar sem peninga, greidda í sjóð, sbr. rskj. nr. 9 og 10, enda hélt hann ekki fé útbúsins aðgreindu frá sínu eigin. Síðar eru nokkrar þessar greiðslur færðar í reikning í dagbókinni undir yfirskriftinni „Millifærslur“. En bráðlega var þessari aðferð hætt, og voru greiðslurnar eftir það aðeins færðar milli reikninga í höfuðbókinni. Nú verður ekkert um það sagt með vissu, hvernig forstjóri

Landsverzlunar hefir litið á þetta atferli ákærða. Frágangur á færzlum úr sjóði í reikningi ákærða þykir bera vott um að reynt hefir verið að leyna uppruna skuldarinnar, Og í upphafi rannsóknar hélt ákærði því fram, að skuldin stafaði af vörulánum, sem hann hefði ekki náð inn verði fyrir. Eru það ef til vill aðallega þessi vörulán, sem forstjórinn varar við og bannar í bréfum til ákærða 23/3 og 12/5 1926, rskj. nr. 26. En ákærða, sem var í hárrí skuld við Landsverzlun, er hann tók við starfinu, og gat ekki greitt hana nema taka til þess fé útbúsins, hlaut að vera það ljóst, minnsta kosti er árin liðu og skuld hans óx, að þessar ráðstafanir á útistandandi skuldum útbúsins voru því skaðlegar og ekki að vilja yfirboðara hans. Því verða þær að teljast refsiverðar.

Þess er áður getið að ákærði setti ekki tryggingu fyrir innheimtu þeirri, er starfinu fylgdi, er hann tók við því. En 13. maí 1926 veðsetti hann Landsverzlun fasteignir sínar til tryggingar skuld, kr. 50000.00. Áður hvíldi á þeim með 1. og 2. veðrétti kr. 30858.00, en fasteignamat þeirra var kr. 43800.00. Tvær fasteignirnar hafa nú verið útlagðar ófullnægðum 1. veðhafa, en ein þeirra er óseld, og hvíla enn á henni með 1. veðrétti kr. 6250.00 af kr. 8000.00 sem á henni hvíldu, er veðbréfið 13. maí 1926 var gefið út. Er hún metin á kr. 22300.00. Tryggingu þessa setti ákærði, er reikningsskuld hans við útbúið var orðin kr. 109736.05, og var megnið af henni peningar, sem hann hafði fært sér til skuldar. Því skiptir hún ekki máli um refsiaþbyrgð hans.

Framanritað sýnir, að bókfærsla, sérstaklega færsla sjóðdagbókarinnar, hefir verið í miklu ólagi hjá ákærða. Stafar þetta af skorti á eftirliti, sem hann samkv. stöðu sinni verður að bera ábyrgð á.

Með tilvísun til framanritaðs má telja sannað:

1. að vantað hefir af fé því, sem átti að vera í sjóði og ákærði var í ábyrgð fyrir kr. 144805.90,
2. að hann hefir notað kröfur útbúsins á hendur viðskiptamönnum þess til að greiða með þeim skuldri sínar og á ógreitt af þeirri upphæð kr. 55903.09,
3. að vantað hefir af birgðum, er nemur kr. 5210.00,
4. að hann hefir selt viðskiptamönnum útbúsins öliu hærra verði en fært var til tekna á ársreikningi þess,

5. að hann hefir krafði nokkra viðskiptamenn útbúsins um vexti, sem hann færði ekki til tekna í ársreikningi þess,
6. að hann hefir hækkað útistandandi skuldir útbúsins með því að færa útistandandi skuldir sínar inn í bækur þess,
7. að hann hefir ekki talið allar tekjur útbúsins á ársreikningum þess,
8. að hann hefir skýrt rangt og villandi í bókum útbúsins frá mikilsvarðandi atriðum,
9. að hann hefir samið og sent yfirboðurum sínum ranga reikninga og röng fylgiskjöl með þeim.
10. að hann hefir sýnt stórkostlegt hirðuleysi í bókfærslu.

Ákærði er fæddur 14. sept. 1876 og hefir ekki áður sætt ákæru eða verið refsað. Hann var opinber sýslunarmaður, og ber þá að heimfæra afbrot hans undir 136. gr. 1.—3. mgr., 138. gr. og 144. gr., allar sbr. við 145. gr., sbr. einnig 34. gr. hegningarlaganna. En með tilliti til þess, að honum voru ekki settar ákveðnar reglur um starfrækslu útbúsins og hann virðist hafa sætt vægu eftirliti af hálfu yfirboðara síns, ákveðst refsingin betrunarhússvinna í 5 ár. Einnig verður hann að greiða allan kostnað, sem orðinn er og verður af málinu.

Skaðabótakrafa hefir ekki verið gerð í málinu.

Rannsókn málsins hefir staðið lengi yfir, og er gerð grein fyrir ástæðum til þess í dómssgerðunum. En á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. okt. 1932.

Nr. 46/1932. **Réttvísinn** (Guðm. Ólafsson).

gegn

**Ísleifi Högnasyni, Jóni Hafliðasyni,
Jóni Rafnssyni og Kristmundi Jóns-
syni** (Th. B. Lindal).

Brot gegn 212. gr., sbr. 48. gr. alm. hegningarлага.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. febr. 1932: Ákærðir, Ísleifur Högnason og Jón Rafnsson, eiga að greiða